


# Í BORGARSTJÓRN MUN KVENNALISTINN

1986

## KONUR OG KJÖR Í LANDNÁMI HALLVEIGAR.

### BEITA SÉR FYRIR AÐ:

- dagvinnulaun/taxtakaup nægi til framfærslu.
- lágstu laun hjá borginni verði ekki undir framfærslukostnaði.
- komið verði á styttri og sveigjanlegum vinnutíma.
- starfsreynsla húsmóður verði metin jafnt og önnur störf til launa.
- afkastahvetjandi launakerfi verði lagt niður.
- atvinnuöryggi kvenna verði tryggt.
- hagræðing hjá borginni verði ekki á kostnað þeirra tekju-lægstu.
- öryrkjum verði tryggður for-gangur að störfum hjá borginni.
- unglíngum verði séð fyrir sumarvinnu.



## ÓFRÍKI KARLA.

Hallveig flýði hingað til lands með Ingólf og búalið vegna skattþíningar og ofríkis karla.

Nú 1112 árum síðar eru kjör margra kvenna, barna, aldraðra og sjúkra í Reykjavíkurbæ ósæmilega bág fyrst og fremst vegna skammsýni og ofríkis karla.

## KVENNALISTI

## KVENFRELSI

KVENNALISTINN telur það grundvallar mannréttindi að geta lifað af dag-launum og jafnframt átt kost á frí-stundum með ástvinum.

ÉR ÞAÐ EKKI SJÁLFSAGT? →



KVENNALISTANN  
Í  
BORGARSTJÓRN


# ÆKKI ALDEILIS.

## LÁGLAUNASTEFNA.

1983 voru dýrtíðabætur á laun afnumdar af núverandi stjórnvöldum.

Launafólk stóð eitt undir niðurgreiðslu verðbólgu sem eingöngu var að kenna óráðsú og stjórnleysi ráðamanna.

Laun skertust á stuttum tíma um 30 - 40% því verðlag hækkaði óhindrað. Mest skerðing varð hjá þeim sem lægst höfðu launin fyrir - aðallega konum.



## KONUR ÆKKI MATVINNUNGAR.

Þokkrar kvennastéttir að afloknum "tímamótasamningum" - algeng grunnlaun:

- Konur í fiski	kr. á mán.	17.772	20.909	(eftir 15 ár)
- Konur í verksmiðjum	"	17.779	19.940	( " " )
- Ræstingakonur	"	18.684	23.452	( " " )
- Afgreiðslukona	"	18.206	22.990	( " " )
- Matráðskonur	"	18.200	21.206	( " " )
- Heimilishjálp	"	19.245	24.156	( " " )
- Konur í þvottahúsi Borgarsp.	"	19.878	24.772	( " 18 )
- Sjúkraliðar		21.410	29.136	( " " )
- Fóstrur		24.097	32.793	( " " )

## MJÖG LANGUR VINNUDAGUR.

## ÆINS OG ÞETTA VÆRI ÆKKI NÓG.

Hvað þýðir þetta fyrir konur ? Þetta þýðir einfaldlega mikinn þrældóm, langan vinnudag og fáar stundir til hvíldar með fjölskyldu. Í fæstum tilfellum er vinnudegi kvenna lokið þegar heim er komið. Þar bíða störfín sem ekki sjást nema þau séu ekki unnin. Auk þessa er vísast að áhyggjur af öryggi barna og afkomu nagi margar konur sífellt.

Í skjóli lágláunastefnu hafa hvers kyns brask, okur og skattsvik dafnað betur en áður. Önnur staðeynd er líka ljós. Svo kallaður "svartur launamarkaður" með yfirborgunum og duldum greiðslum auka auðvitað launamuninn. Bilið breiðkar því stöðugt milli launafólks, að ekki sé nú talað um hóp atvinnurekenda sem "engar" tekjur hafa og greiða því nær enga skatta.